

Altjónstrygging báta og skipa

Skilmáli nr. M-7

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

- 1. gr. Skaðatrygging**
Um váttryggingu þessa gildir sú grundvallarregla að hún er skaðatrygging og greiðast ekki hærra bætur en þarf til að bæta tjón það sem orðið hefur.
- 2. gr. Lög um váttryggingarsamninga**
Lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga gilda um þau atriði sem ekki er öðruvísi mælt fyrir um í váttryggingarsamningnum.
- 3. gr. Hver er váttryggður**
Váttryggður er eigandi þess skips sem tiltekið er í váttryggingarskírteini.
- 4. gr. Váttryggðir hagsmunir**
Váttryggingin nær til skips þess sem greinir í skírteininu og fylgifyrjar þess. Til skips og fylgifyrjar teljast m.a. skrokkur, vél, gangskrúfa, ásamt öxlum og girum, siglinga- og fjarskiptatæki, fiskleitartæki, handfærarúllur, hvers kyns vindubúnaður, flotgallar, björgunarbátar ásamt nauðsynlegum varahlutum, enda séu munir þessir um borð í skipinu meðan það er í notkun. Undir váttrygginguna falla ekki veiðarfæri, afli, bólfæri, fiskkassar, línur, belgir, baujur, vistir og farangur.
- 5. gr. Váttryggingarverð**
Í byrjun váttryggingartímabils skulu váttryggingartaki og félagið koma sér saman um váttryggingarverð. Það samkomulag er bindandi fyrir félagið nema leitt sé í ljós að váttryggingartaki hafi gefið villandi upplýsingar um atriði sem skipta máli við verðákvörðun. Verðákvörðun verður einnig vikið til hliðar ef hið tiltekna verð er hærra en svo að sanngjarnt sé að telja það váttryggingarverð skipsins.
- 6. gr. Váttryggingartímabil - uppsögn**
Sé annars ekki getið í skírteininu gildir váttryggingin frá kl. 00.00 þann dag sem hún hefst til kl. 24.00 þann dag sem henni lýkur. Váttryggingin framlengist um eitt ár í senn sé henni ekki sagt upp með minnst 30 daga fyrirvara miðað við gjaldaga.
- 7. gr. Siglingasvæði. Breyting á rekstri**
 - 7.1 Félagið er laust úr ábyrgð ef skipið fer suður fyrir 40° norðlægrar breiddar eða norður fyrir 70° norðlægrar breiddar á tímabilinu frá 16. nóvember til 15. maí ár hvert nema annað sé sérstaklega samþykkt af félaginu.
 - 7.2 Váttryggingin gildir ekki fyrir útleigu og/eða fólks eða vöruflutninga, nema með samþykki félagsins og það áritað á váttryggingarskírteini.
- 8. gr. Það sem váttryggingin bætir**
 - 8.1 Algert tjón í eftirfarandi tilvikum:
 - a) Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.
 - b) Skipið verður fyrir svo miklum skemmdum að kostnaður við að bjarga því nemur hærra fjárhæð en váttryggingarverðinu.
 - c) Skipið hverfur úr umráðum váttryggðs með þeim atvikum að ekkert hefur til skipsins spurst í 3 mánuði
 - 8.2 Skaðabótaskylda eiganda samkvæmt íslenskum siglingalögum, sem er bein afleiðing tjóns sem báturinn hefur valdið með siglingu sinni hvort sem um er að ræða tjón á munum eða meiðsl á fólki. Aldrei greiðist hærra fjárhæð en sem nemur takmarkaðri ábyrgð útgerðarmanns, skv. siglingalögum eða Brusselsamþykktinni frá 1957.
 - 8.3 Kostnað við björgun og aðrar ráðstafanir til að varna tjóni samkvæmt reglum laga nr. 20/1954.
- 9. gr. Rangar upplýsingar. Svik**
 - 9.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
 - 9.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
 - 9.3 Hafi félagið fengið frá váttryggingartaka rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna getur það sagt upp váttryggingunni með 14 daga fyrirvara. Hafi váttryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið váttryggingunni án fyrirvara sem og öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu.
 - 9.4 Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.
- 10. gr. Tilkygning um tjón. Ráðstafanir vegna tjóns**
 - 10.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hætta er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætanagerleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
 - 10.2 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkygningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

- 10.3 Vátryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt vátryggingarsamningnum. Félaginu er ennfremur heimilt þegar svo stendur á að segja upp vátryggingarsamningnum sem og öllum öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggður hefur hjá félaginu með viku fyrirvara.
- 10.4 Félagið er ekki bundið af því ef vátryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að vátryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.
- 11. gr. Varúðarreglur**
- 11.1 **Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.**
- 11.2 **Varúðarregla: Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber vátryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.**
- 11.3 **Varúðarregla: Vátryggðum ber að fara eftir fyrirmælum opinberra stofnanna svo sem Siglingastofnunar og Löggildingarstofu. Skipið skal ávallt vera fullkomlega haffært, og með gilt haffærisskírteini, þegar lagt er úr höfn.**
- 12. gr. Gáleysi. Ásetningur**
Ef vátryggingaratburðurinn verður rakinn til ásetnings, stórkostlegs gáleysis eða ölvunar vátryggðs eða neyslu hans á ávana- eða fíkniefnum, á hann enga kröfu á hendur félaginu, þó með þeirri undantekningu að bótaréttur skv. gr. 8.2 fellur aðeins niður valdi vátryggður vátryggingaratburð með ásetning.
- 13. gr. Tjónsfrádráttur**
Bætur vegna tjóns skulu háðar frádrætti/sjálfsábyrgð eins og hann er ákveðinn í vátryggingarsamningnum og áritað er á skírteini.
- 14. gr. Endurkröfuréttur**
Bæti félagið tjón sem þriðji aðili ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.
- 15. gr. Greiðsluskylda. Fyrning**
- 15.1 Um gjalddaga og vexti af vátryggingarbótum fer eftir 48. og 50. gr. laga nr. 30/2004, þó þannig að við algert tjón fellur krafa vátryggðs eigi í gjalddaga fyrr en 2 mánuðum eftir að upplýsingar skv. 48. gr. laga nr. 30/2004 liggja fyrir.
- 15.2 Krafa um bætur fyrnist á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaatburður varð. Vátryggður verður að tilkynna félaginu um kröfu sína innan árs frá því hann vissi um atvik þau er krafan er reist á sbr. gr. 11.2.
- 15.3 Kröfur um endurgreiðslu iðgjalds vegna hafnarlegu eða annarra ástæðna fyrnast þó á 2 árum frá lokum vátryggingartímabils.
- 16. gr. Endurgreiðsla iðgjalds**
- 16.1 Falli vátryggingarsamningurinn úr gildi áður en vátryggingartímabilinu lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu.
- 16.2 Verði skipið fyrir algeru tjóni greiðist fullt ársiðgjald.
- 16.3 Engin endurgreiðsla er vegna hafnarlegu.
- 17. gr. Eigendaskipti**
Ef eigendaskipti verða að skipinu eða það sett undir aðra útgerðarstjórn fellur vátryggingin úr gildi.
- 18. gr. Réttur veðhafa gagnvart félaginu**
Nú eru hinir vátryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá vátryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta þó svo að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.
- 19. gr. Sönnunarbyrði**
Um vátryggingu þessa gildir sú almenna regla að sönnunarbyrðin hvílir á vátryggingartaka bæði um það að tjón falli undir vátryggingarsamninginn og einnig hve miklu tjónið nemur.
- 20. gr. Ágreiningur - Varnarþing**
Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningu um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa vátryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006